

Lög um húsaagerð ríkisins, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 74, bls. 231).

Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 75, bls. 232—235).

Lög um breyting á yfirsetukvænnalögum nr. 14. 22. okt. 1912, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 76, bls. 236—237).

Lög um sjerstakt læknishjerad í Hólsþreppi í Norður-Isafjardarsýslu, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 77, bls. 237).

Lög um landhelgisvörn, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 78, bls. 238).

Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o. fl., undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 79, bls. 239).

Lög um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 80, bls. 240).

Lög um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi 28. nóv. 1919 (A nr. 81, bls. 241—242).

Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 5. febrúar 1920, undirskrifuð af konungi 1. des. 1919 (A nr. 82, bls. 243).

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifuð 1. des. 1919 (A nr. 83, bls. 244).

Bráðabirgðalög um ráðstafanir á gullforda Islandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, undirskrifuð af konungi 13. des. 1919 (A nr. 84, bls. 245—246).

Samningur um póstsambandið milli Islands og Danmerkur (A nr. 85, bls. 247—255).

165. Brjef Stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu um endurgreiðslu sveitarstyrks.
2. des.

Hreppsnefnd Villingaholtshrepps hefir skotið til stjórnarráðsins úrskunði yðar, herra sýslumaður, dags. 15. júlí þ. á., sem ákveður að Villingaholtshreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurbæ kr. 80,00 af styrk veittum Guðrúnu nokkurri Jónsdóttur veturinn 1917—'18, nema hreppurinn sanni það, að æfiferilsskýrsla tjeðrar Guðrúnar hafi verið tekin síðar en 24. des. 1917, færast greiðslan þá niður í kr. 46,67.

Fyrnefndan vetur þá Guðrún þessi, þá búsett á Grettisgötu 70 í Reykjavík 120 kr. styrk af fátækraþjóði bæjarins, fyrst 50 kr. 24. desember 1917, en síðar í janúar og mars 35 kr. í hvort skifti. Með brjefi dags. 29. des. s. á. krafðist borgarstjóri sveitfestisviðunkenningar á þurfalingsnum í Villingaholtshreppi og endurgreiðslu hins þegar veitta styrks. Með brjefi oddvita dags. 20. febrúar f. á. er viðurkend sveitfestin en oddvitinn færast þá undan endurgreiðslunni vegna þess, að þurfalingsurinn mundi ekki hafa beiðst styrksins, ef hún hefði vitað að hann mundi verða tallinn sveitarstyrkur, heldur leitað til uppkominna barna sinna. Með brjefum dags. 17. apríl og 7. október 1918 ítrekar borgarstjóri kröfuna um endurgreiðslu

á hinum fyrst veitta styrk sem og um endurgreiðslu hins síðar veitta styrks. En þessum **165.**
brjefum svarar oddvitinn ekki, og borgarstjóri beiðist loks úrskurðar sýslumannsins í Árnessýslu, með brjefi dags 31. des. 1918, um kröfuna. En þá, með brjefi dags. 16. febr. þ. á., **2. des.**
heldur oddvitinn því fram, að æfiferilsskýrsla konunnar hafi verið ólöglega tekin, en við nánari athugun kemur það í ljós að oddvitinn hafði tekið annað málskjal fyrir æfiferilsskýrslu en hana vantaði nú í málskjölin og verður það til þess, að oddviti neitar alveg að endurgreiða nokkuð af styrknum og í áfrýjunarskjalinu byggir oddvitinn synjun á endurgreiðslu einvörðungu á því að æfiferilsskýrslu vanti og hún muni aldrei hafa verið tekin.

Af málskjölunum er það ljóst, að brjef borgarstjóra dags 29. des. og skjali með því brjefi »viðvikjandi sveitfesti« þurfalingsins hafa misfarist annaðhvort hjá oddvita Villingaholtshrepps eða á skrifstofu Árnessýslu. Bæði þessi skjöl sendi sýslumaður Árnessýslu til oddvita Villingaholtshrepps með brjefi dags 20. janúar. Borgarstjóri hefir staðhæft að hann hafi sent æfiferilsskýrsluna með brjefinu 29. des. 1917 og um a.m.að skjal »viðvikjandi sveitfestinni« sem sýslumaður nefnir í brjefi sínu 20. jan. 1918 er ekki um að ræða.

Þegar nú þess er gætt, að oddvitinn viðurkennir sveitfesti þurfalingsins þegar í fyrsta brjefi sínu og getur þess ekki þá, að æfiferilsskýrslan hafi ekki fylgt eða að hún hafi ekki verið tekin á rjettum tíma, geta hin síðar framkomnu mótmæli hans í þessu efni ekki orðið tekin til greina. Þar sem krafa Reykjavíkurbæjar er og að öðru leyti lögleg á hún að takast til greina að öllu leyti, og úrskurðast því, að Villingaholtshreppur skal skyldur að endurgreiða fátækraþjóði Reykjavíkur $\frac{2}{3}$ af styrk þeim, er tjeðri Guðrúnu Jónsdóttur var veittur veturinn 1917—'18, með 80 krónum.

Þetta er yður hjermeð til vituðar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Villingaholtshrepps, og ber yður að sjá um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

Brjef stjórnarráðsins til landsímastjóra um símagjöld innanlands.

166
27. des.

Samkvæmt tillögum yðar, herra landsímastjóri, hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt 8. gr. laga nr. 12, 20. október 1905, að símagjöld innanlands skuli hækkuð frá 1. janúar 1920 eins og hjer greinir:

1. Fyrir almenn símskeyti innanlands greiðist 1 kr. stofngjald af hverju símskeyti, auk 10 auru fyrir hvert orð.
2. Fyrir hraðskeyti þrefalt ofangreint símskeytagjald.
3. Gyfir innanbæjarsímskeyti 50 auru stofngjald af hverju símskeyti, auk 5 auru fyrir hvert orð.
4. fyrir hvert póstávísanaskeyti 3 kr. fyrir hvert skeyti.
5. Fyrir margar nafnkvæðjur (Tm. 50 aur. fyrir hverja).
6. Talsímagjöld.

25 auru gjaldið hækkar upp í	35 auru.
35 — — — — —	50 — —
50 — — — — —	75 — —
75 — — — — —	125 — —
100 — — — — —	175 — —
150 — — — — —	250 — —
175 — — — — —	300 — —
225 — — — — —	400 — —